

**FUNDARGERÐ**  
**BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA**

**724. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 14. nóvember 2011 kl. 13:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Dagskrá:**

1. Viðræður við starfsmenn tæknideildar v/útboðs sorphirðu.
2. Bréf Aðalheiðar Böðvarsdóttur og Þorsteins Sigurjónssonar.
3. Bréf Hagstofu Íslands.
4. Fundarboð Veiðifélags Víðidalsár.
5. Bréf Kvenfélagsins Iðju.
6. Bréf Bændasamtaka Íslands.
7. Brunavarnaráætlun Húnaþings vestra. Farið yfir drög.

**Afgreiðslur:**

1. Viðræður við starfsmenn tæknideildar vegna útboðs á sorphirðu. Farið yfir drög að útboðsgögnum.
2. Lagt fram bréf Aðalheiðar Böðvarsdóttur og Þorsteins Sigurjónssonar dags. 8. nóvember s.l. þar sem þau lýsa áhuga á áframhaldandi leigu á húsnæði barnaskóla Staðarhrepps. Byggðarráð samþykkir erindið og felur sveitarstjóra að ganga frá málinu.
3. Lagt fram til kynningar bréf Hagstofu Íslands dags. 2. nóvember s.l. um undirbúning manntals og húsnæðistals.
4. Lagt fram fundarboð Veiðifélags Víðidalsár sem haldinn verður í Víðihlíð 20. nóvember n.k. kl 15:00. Byggðarráð samþykkir að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
5. Lagt fram til kynningar bréf Kvenfélagsins Iðju, þar sem tilkynnt er að á stjórnarfundum félagsins hafi verið ákveðið að gefa kr. 25.000 vegna kaupa á nýrri útidyrhurð fyrir íbúðir aldraðra í Nestúni. Byggðarráð þakkar fyrir höfðinglega gjöf.
6. Lagt fram bréf Bændasamtaka Íslands dags. 4. nóvember s.l. um útgáfu markaskráa árið 2012. Sveitarstjóra falin umsjón verkefnisins í samráði við markavörð sveitarfélagsins.
7. Brunavarnaráætlun Húnaþings vestra. Farið yfir drög að nýrri brunavarnaáætlun.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:59

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Stefán Einar Böðvarsson.

---

Elín R. Líndal.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi:

---

Elín Jóna Rósinberg.